



HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

Sjálfbærnistefna Þörungaverksmiðjunnar 1. útgáfa

Með aðgerðaáætlun 2022

Starfsmenn ÞV, ritari María Maack

Árið 2022 vilja starfsmenn Þörungaverksmiðjunnar setja fram styrkar hugmyndir um
framtíðarsýn starfseminnar | INFO@THORVERK.IS

STEFNA ÞÖRUNGAVERKSMIÐJUNNAR Á REYKHÓLUM UM SJÁLFBÆRNI

Reykhlum, 31.3.2022

Að jafnaði er stefna og markmið Þörungaverksmiðjunnar þau sömu og rammi IFF í öryggis-, samfélagslegum og umhverfismálum. Aðstæður þörungaverksmiðjunnar eru þó bundnar Reykhlahreppi, Breiðafirði og Íslandi ef það greinir frá aðstæðum annars staðar á starfssvæði IFF. Öryggi starfsmanna er í fyrirrúmi. Heilsu starfsmanna fylgt eftir með árlegri skoðun og viðtölum utanaðkomandi, öflugri þjálfun í verkferlum, sífelldri notkun öryggisbúnaðar, fyrirbyggjandi viðhaldi og snyrtimennsku innanhúss og utan. Í félagsmálum er litið til sanngirni, jafnræðis, reyk- og vímueysis, tillöguréttar starfsmanna og virðingu í samskiptum. Staðið er með samfélagi heimamanna um uppbyggjandi og mannbætandi málefni og auknum rannsóknum á grunnsævi og um nýtingarmöguleika þangs og þara. Þörungaverksmiðjan fylgir íslenskum lögum um umgengni við auðlindir sjávar, virðir sláttukvóta samkvæmt ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Þörungaverksmiðjan slær í samræmi við niðurstöður rannsókna um vöxt og dreifingu þangs og þara og aflar uppskeru með reitaslætti á 4-6 ára fresti, og samkomulagi við landeigendur. Hlýtt er auðlindaákvæðum og reglum um auðlindagjöld sem og reglum um verndun Breiðafjarðar þar sem kveðið er á um takmarkað aðgengi að börungum er haft í heiðri.

MARKMIÐ MÁLAFLOKKA ÁSAMT AÐGERÐARÁÆTLUN FYRIR ÁRIÐ 2022.

A ÖRYGGISMÁL MARKMIÐ



Að stunda slysalausa starfsemi

- Viðhalda stöðugt meðvitund um varnir gegn slysum, hlusta á ábendingar, kynna SOP verklýsingar, fræða nýliða, þjálfar og fylgja eftir réttum vinnubrögðum.
- Að vera stöðugt á verði um gott viðhald og endurnýjun tækja til að tryggja besta starfsöryggi og endurnýjun þegar nauðsyn krefur
- Sjá starfsfólki einatt fyrir öllum hlífðarfatnaði og öryggisvörnum

ÖRYGGISSKREFIN ÁRIÐ 2022- ÞJÁLFUN Í SKILNINGI, EFTIRFYLGNI Á ÁBYRGÐ 2022 skal Fylgja betur eftir öryggismálum nýliða

- Fræðsla og þjálfun samkvæmt SOP með tékklista sem reyndari starfsmaður ber ábyrgð á. Prófun á vinnubrögðum hvers svæðis er í höndum annars reynds starfsmanns.
- Skýr starfslýsing og ábyrgð
- Öryggisfundir vikulega, dæmi, umræður, þátttaka
- Á morgunfundum er farið yfir SOP hvers svæðis. UPPRIFJUN, UMHUGSUN
- Vikulegir tékklistar unnir vandvirknislega ÁMINNING, VANDVIRKNI
- Ætíð að gera háskamat ENGIN SLYS, FYRIRBYGGJANDI HUGSUN OG SKIPULAG
- Allir um borð í Gretti sýni gild Landsbjargarskírteini fyrir þjálfun VIKULEGAR ÆFINGAR

B SAMFÉLAGSMÁL MARKMIÐ



Að efla mannauð

- Virða samninga, einnig hvíldartíma
- Bjóða aukna þjálfun til réttinda á vinnumarkaði sem og sýna sveigjanleika gagnvart áhuga á frekari menntun til starfsframa og vellíðanar
- Að efla félagsanda og styrkja siðferði innan verksmiðjunnar
- Að gefa íbúum í Reykhólahreppi og nágrenni færi á að ráðast í stór verkefni fyrir Þörungaverksmiðjuna, enda hafi þeir tilskilin réttindi til starfans
- Að færa samfélaginu þarfaping þegar hagnaður verður af starfsemi. Gjöfin skal einkum stuðla að öryggi íbúa, efla heilsu þeirra og menningu.
- Að standa með sveitarfélaginu í baráttu fyrir betri innviðum, t.d. tengingum, vegum og höfn

FÉLAGSSKREFIN ÁRIÐ 2022 -VINAPÉL, METNAÐUR OG MANNAUÐUR

- **Ný Starfsmannastefna mótuð.** Hún tekur á samskiptum, ábyrgð, viðbótarmenntun, þjálfun, starfslýsingum, réttindum og skyldum
- 2 námskeið í boði fyrir starfsmenn árið 2022
- Fuglafræðsla
- Hljóðvist bætt (horft til kvarnar og blásara)
- Minna ryk (horft til pökkunar og blásara)

C UMHVERFISMÁL MARKMIÐ



Auka þekkingu á auðlindum og úrgangi og nýta þá hana til betri vinnubragða

- Minnka notkun kolefnisríks eldsneytis um 30% fyrir 2030.
- Halda grænt bókhald
- Að valda sem minnstu raski á búsvæðum dýra í Breiðafirði t.d. sela, hafarnar og æðarfugls
- Að standast árlegar umhverfisúttektir fyrir sjálfbærni og lífrænar vottanir, athugasemdalaust.
- Að velja aðföng með umhverfismerkingum
- Að koma í veg fyrir mengunaróhöpp, það á einnig við innflutning ókunnugra tegunda
- Að njóta náttúrunnar og færa hana óbreytta börnum og barnabörnum

SKREF Í BETRI UMGENGNI

- Að fá ráðgjöf um betri nýtingu jarðvarma og að skila kastvarma til frekari nýtingar (2023-2024)
- Að greina tegundir og magn meðafla og safna árlega stikkprufum við tekju sjávarþörunga
- Birta sjálfbærnistefnu og grænt bókhald
- Greina starfsmönnum frá óvenjulegum atburðum og aðstæðum í náttúru
- Standa skil á öllum gögnum sem þarf til að standast kröfur IFF um rammaáætlun um sjálfbærnistjórnun
- Að minnka umfang sorps um 20%
- Standa skil á öllum gögnum fyrir úttekt á fyrirmyndarstarfsháttum (BMP)
- Að binda 50-100% af koltvísýringsútbæstri hvers starfsárs í trjágróðri á Vestfjörðum.